

13. samráðsfundur aðgerðarstjórnar Sveitarfélagsins Voga, 21. apríl 2020

Pátttakendur

Ásgeri Eiríksson, bæjarstjóri, Einar Kristjánsson, bæjarritari, Vignir Friðbjörnsson, forstöðumaður eigna. Gestir: Hálfdan Þorsteinsson, skólastjóri og María Hermannsdóttir, leikskólastjóri.

Staðan almennt

1.773 smit á landinu öllu þar af eru 402 virk smit og faraldurinn því sannarlega í rénum. 77 smit eru á Suðurnesjum, 16 apríl voru 3 greind smit og þar af 2 virk smit í Vogum. 41 eru í sóttkví á Suðurnesjum, 16. apríl voru 5 í sóttkví í Vogum.

Sviðin hvert fyrir sig:

Skólinn:

Í dag verður birt auglýsing og er reiknað með að skólahald verði engum takmörkunum háð frá 4. maí. Hinsvegar er spurning hvort starfsfólk verður ennþá að vera 2 metra frá hvoru öðru. Kosturinn er sá að við höfum tvær og hálfu viku til undirbúnings í stað tveggja daga til undirbúnings viðbragða við veirunni.

Skólasóknin er komin í 70% og hefur aukist um 20 prósentustig eftir páska.

Frá fjórða maí er virk skólaskylda komin á eftir 4. maí en athuga verður með undirliggjandi sjúkdóm en þá tekur við skylda um heimanám.

Mötuneytið verður frá 4. maí rekið með hefðbundnum hætti.

Frímínútur verða einnig með hefðbundnum hætti. Komið hefur fram að sund og íþróttir verða með hefðbundnum hætti og það þarf því að undirbúa opnun íþróttamiðstöðvar og sundlaugar fyrir skólann.

Frístund

Frá 4. maí tekur við starfsemi eins og var áður í Frístund.

Leikskólinn

Rúmlega 50% barna mætir í leikskólann í dag í stað 40% áður.

Leikskólinn veltir einnig fyrir sér tveggja metra reglunni fyrir fullorðna og bíða aðilar spenntir eftir auglýsingunni.

Allur undirbúningur í báðum skólum miðast við það að ótakmörkuð starfssemi fari fram.

Varðandi matsalinn í leikskólanum er spurningin hvort það sé í lagi að svo margir fullorðnir verði þar á sama tíma. Aukið hreinlæti verður hjá starfsfólki eldhúss og mun það fyrst um sinn skammta matinn á diska.

Álfagerði

Óbreytt staða en staðan verður tekin á morgun, miðvikudag, með menningarfulltrúa.

Íþróttamiðstöðin

Rætt um að starfsemin fari af stað fyrir grunnskóla og leikskóla frá 4. maí.

Félagsmiðstöðin

Reiknað er með að eðlileg starfsemi hefjist 4. maí.

Skrifstofan

Gert er ráð óbreyttri starfsemi fram til 4. maí. en þá er reiknað með að skrifstofan opni og eðlileg starfsemi byrji.

Umhverfideild

Unnið samkvæmt óbreyttu fyrirkomulagi fram til þriðja maí en eðlileg starfsemi byrji 4. maí.

Önnur mál

Ekkert bókað hér undir.